


Öldutúnsskóli

læsi



| | |
|---|----|
| Inngangur | 4 |
| Yngrideild | 5 |
| Samvinna leik og grunnskóla..... | 5 |
| Kynning fyrir foreldra að hausti | 6 |
| Skólasafn | 6 |
| Yndislestur..... | 7 |
| Nestislestur | 7 |
| Skólalestur..... | 8 |
| Heimalestur/heimanám..... | 8 |
| Verklagsreglur sé heimalestri ólokið..... | 8 |
| Stigskipt kennsla á yngsta stigi..... | 9 |
| PALS..... | 9 |
| K-PALS | 10 |
| Aðstoð á yngsta stigi | 10 |
| Lestur fyrir leikskólabörn | 11 |
| Litla upplestrarkeppnin | 11 |
| Lestrarsprettir/lestrarátök | 12 |
| Sumarlestur..... | 12 |
| Íhlutanir í kjölfar skimana | 13 |
| Viðauki 1 Skráningar og yfirlitsblað kennara/ heimalestur..... | 14 |
| Viðauki 2 Staðlaður tölvupóstur | 15 |
| Viðauki 3 Hugmyndir að fjölbreyttum heimalestri | 16 |
| Viðauki 4 Grunnþættir læsis | 17 |
| Miðdeild | 19 |
| Kynning fyrir foreldra að hausti | 19 |
| Skólasafn | 19 |

| | |
|---|----|
| Yndislestur..... | 20 |
| Nestislestur | 20 |
| Skólalestur..... | 21 |
| Heimalestur..... | 21 |
| Verklagsreglur sé heimanámi/heimalestri ólokið..... | 22 |
| PALS..... | 22 |
| Stóra upplestrarkeppnin | 23 |
| Sumarlestur..... | 25 |
| Lestrarsprettir | 25 |
| Viðauki 1 – Skráningar og yfirlitsblað..... | 27 |
| Viðauki 2 – Staðlaður tölvupóstur | 28 |
| Unglingadeild | 29 |
| Kynning fyrir foreldra að hausti | 29 |
| Skólasafn | 29 |
| Yndislestur..... | 29 |
| Heimalestur..... | 30 |
| Verklagsreglur sé heimalestri ólokið..... | 30 |
| Lestrarsprettir | 31 |
| Aðstoð á yngsta stigi | 31 |
| Hraðlestrarnámskeið..... | 32 |
| Viðauki 1 Skráningar og yfirlitsblað..... | 34 |
| Viðauki 2 Staðlaður tölvupóstur | 35 |

Inngangur

Læsissteymi Öldutúnsskóla vann að læsistefnu skólans, veturinn 2018-2019.

Teymið fundaði reglulega yfir skólaárið og fékk álit frá kennurum og stjórnendum við gerð stefnunnar.

Megintilgangur stefnunnar er annars vegar að skapa öllum nemendum skólans góða og fjölbreytta kennsluhætti í grunnþáttum læsis, svo nemendur fái tækifæri til að ná hámarksárangri, hver á sínum forsendum.

Hins vegar á stefnan að vera aðgengileg fyrir kennara og annað starfsfólk skólans og veita góða yfirsýn yfir þá þætti sem snúa að læsi og eru viðhafðir í Öldutúnsskóla.

Rauði þráður stefnunnar er samræmi vinnubragða innan hverrar deildar, þar sem allir eru vel upplýstir og vinna í takt til að hámarksárangur geti náðst.

Stefnan er unnin í samræmi við Læsisstefnu Hafnarfjarðarbæjar “Lestur er lífsins leikur”, en þar segir meðal annars að megintilgangur þess að efla læsi sé að nemendur geti lesið sér til gagns og ánægju og að nemendur verði virkir og skapandi málnotendur og þeim sé gert fært að nýta sér fjölbreytileika tungumálsins. Einnig studdist teymið við Aðalnámskrá 2011-2013 og Hvítbók Mennta og menningarmálaráðuneytisins.

Stefnan tekur til greina ólíkar þarfir einstaklinga, ólík þroskastig og gefur kennurum færi á að vinna sjálfstætt að markmiðunum.

Í læsisteymi skólans árið 2018 -2019 sátu:

Edda Rut Eðvarðsdóttir: Teymisstjóri

Árni Stefán Guðjónsson: Kennari í unglingadeild

Hólmfríður Karlsdóttir: Kennari í yngrideild

Hugborg Jónsdóttir: Kennari í yngrideild

Karólína Helga Símonardóttir: Kennari í miðdeild

Vilborg Tryggvadóttir: Sérkennari í yngrideild

Póra Jónsdóttir: Bókasafnsfræðingur

Yngrideild

Samvinna leik og grunnskóla

Mikið og gott starf er unnið í leikskólum Hafnarfjarðar til að þjálfa og undirbúa börn í undirstöðuþáttum læsis. Nemendur búa því allir yfir vissri lestrarþekkingu við upphaf grunnskóla.

Öldutúnsskóli er í góðu samstarfi við hverfisleikskólana Hvamm og Smáralund.

Fyrir áramót fara öll 1.bekkar börn í heimsókn á Hvamm.

Eftir áramót fyrir páska koma nemendur frá Hvammi og Smáralundi í skólaheimsókn og fara í lestrarstund á skólabókasafni.

Eftir páska koma Hvammur og Smáralundur í heimsókn og ganga um skólann og kíkja í stofur. Í maí koma nemendur af Hvammi í skólaheimsókn og eru eina kennslustund í 1.bekk.

Þessar heimsóknir leggja m.a. grunn að jákvæðri upplifun og farsælli skólabyrjun nemenda. Góð líðan og öryggi nemenda við skólabyrjun er góður grunnur fyrir komandi lestrarnám.

Kynning fyrir foreldra að hausti

Foreldrar gegna mikilvægu hlutverki í lestrarnámi barna sinna. Með reglulegri kynningu og fræðslu aukast líkur á virkri þátttöku foreldra í lestrarnámi og lestrarþjálfun.

Í 1.-4.bekk skal halda fund að hausti þar sem farið er yfir alla þá þætti er snúa að lestrarnámi vetrarins. Haustfundirnir eru góður vettvangur fyrir þessa kynningu.

Skólasafn

Megintilgangur skólasafnsins er að efla læsi nemenda í víðum skilningi.

Skólasafnið er upplýsingamiðstöð skólans og er ætlað fyrir nemendur og starfsmenn skólans, það styður við kennslu og veitir nemendum og starfsfólki greiðan aðgang að upplýsingum og heimildum.

Lögð er áhersla á fjölbreyttan safnkost til að örva áhuga nemenda á lestri bóka, bæði til skemmtunar og fróðleiks. Í samvinnu við starfsmenn skólans heldur skólasafnið utan um lestrarspretti skólans. Það styður líka við kennslu í upplýsingalæsi. Leitast er við að styðja við verkefnavinnu allra nemenda þegar kemur að heimildaöflun. Grundvöllur slíkrar verkefnavinnu á bókasafni er gott samstarf bókasafnsfræðings og kennara. Safnkostur safnsins er skráður í bókasafnskerfið Gegni sem er sameiginlegt kerfi fyrir allt landið.

Yndislestur

Yndislestur er stór hluti af lestrarmenningu Öldutúnsskóla. Í yngrideild eru fastar yndislestrarstundir 4x-5x í viku og þá oftast í upphafi skóladags. Nemendur lesa í hljóði bækur sem þeir hafa sjálfir valið á skólabókasafni. Eftir lestur hvernar bókar vinna nemendur áfram með innihald hennar á fjölbreyttan hátt. Þessi vinna miðast við getu hvers nemanda. Ávinningur yndislestrarstunda er því margþættur og eflir marga grunnþætti læsis, svo sem lesfimi, orðaforða, ritun og lesskilning.

Nestislestur

Nestislestur er fastur liður í yngrideild. Þessa stund má vissulega flokka sem yndislestur þar sem kennari og nemendur eiga saman rólega og notalega stund dag hvern. Kennari les framhaldssögu fyrir nemendahópinn og leitast við að hafa frásögnina lifandi og áhugahvetjandi. Þetta er liður í því að kveikja, auka og viðhalda áhuga nemenda á lestri og hvetja þá til þess að finna sér lesefni eftir áhuga.

Nestislestur stuðlar einnig að auknum lesskilningi þar sem reglulega er staldrað við einstök orð/orðasambönd, merking þeirra útskýrð og gefið er færi á umræðum þar sem nemendur tengja við eigin reynslu.

Skólalestur

Nemendur í 1.-4. bekk lesa upphátt í skóla eins oft og við verður komið.

Umsjónarkennarar, stuðningsfulltrúar, sérkennarar og skólaliðar koma að lestrarþjálfun í skóla, hlusta á lestur nemenda og kvitta fyrir lesturinn.

Heimalestur/heimanám

Nemendur í 1.-4. bekk eiga að lesa upphátt heima a.m.k 5x í viku, 15 mínútur í senn. Foreldri eða annar fullorðinn aðili hlustar og kvittar í þar til gert lestrarhefti nemanda. Samhliða lestrinum eiga nemendur að skifa orð eða setningar úr textanum a.m.k. 3x í viku. Áhersla orðaskrifa er breytileg eftir vikum og er í höndum umsjónarkennara en helst að jafnaði í hendur við vissa námsþætti sem teknir eru fyrir á sama tíma t.d. í málfræði. Nemendur fá endurgjöf á heimalestur og orðaskrif a.m.k. einu sinni í viku.

Verklagsreglur sé heimalestri ólokið

1. Skrá athugasemd á Mentor/heimalestri-heimanámi ólokið. Þetta á að gera í hverri viku en eftir 2 vikur er farið í næsta skref.
2. Senda tölvupóst til foreldra/aðstandenda (sjá staðlaðan tölvupóst í viðauka 2)
3. Hringja heim (1 vika í viðbót/3 vikur alls)
4. Boða foreldra/aðstandendur á fund með umsjónarkennara og deildarstjóra (2 vikur í viðbót/5 vikur alls)
5. Máli vísað til nemendaverndarráðs (2 vikur í viðbót/7 vikur alls).

Stigskipt kennsla á yngsta stigi

Nemendum í 1.-4.bekk er skipt í læsishópa eftir fyrstu skimanir haustsins og svo aftur í janúar. Þá eru hóparnir endurskoðaðir m.t.t. niðurstaðna.

Umsjónarkennarar velja/útbúa verkefni við hæfi og getu nemenda í hverjum hópi í samráði við sérkennara þar sem það á við. Verkefnum er safnað saman í möppu m.a. til að byggja upp verkefnabanka og auka yfirsýn.

Fastar dagsetningar eru skráðar í skóladagatal.

PALS

Lestraraðferðin Pals, eða Þör Að Læra Saman, byggist á að nemendur vinna tveir og tveir saman og skiptast á að lesa texta. Annar er lesarinn og hinn þjálfarinn og svo er hlutverkunum snúið við. Lesari 1 les fyrst í 5 mínútur á meðan félagi hans, sem er í hlutverki þjálfarans, fylgist með að rétt sé lesið. Ef lesandi les rangt biður þjálfarinn hann um að stoppa, leiðrétta sig og lesa setninguna eða málsgreinina aftur. Þjálfarinn aðstoðar við að lesa rétt ef með þarf. Þegar lesari 1 hefur lesið í 5 mínútur skipta félagarnir um hlutverk. Eftir að báðir nemendur hafa lesið sama texta í 5 mínútur hvor æfa þeir sig í að beita lesskilningsaðferðum með markvissum hætti, þ.e. að veita aðalatriðum athygli, draga þau saman og spá fyrir um það sem kemur næst í sögunni. Markmið aðferðarinnar er að þjálfarar nemendur sérstaklega í lesskilningi og lestrarfærni. Undanfarið sex ár höfum við notað Pals aðferðina markvisst og er hún orðin fastur liður í skólastarfinu. Eitt 6 vikna PALS tímabil er á skólaárinu. Allir nemendur í 2.-7. bekk taka þátt í Pals lestrarþjálfun.

Fastar dagsetningar eru skráðar í skóladagatal.

K-PALS

Verkefni K-pals þjálfar markvisst hljóðkerfisvitund og umskráningu. Það hjálpar nemendum að ná sjálfvirkni í að tengja hljóð við staf.

K-PALS er byggt upp á þjálfun stafa/hljóðavinnu og greiningu hljóða, rími og sameiningu- og sundurgreiningu orða.

Þau börn sem fara í K-pals eru þau sem ekki ná viðmiðum í lesskimun LTL í 1. bekk og eru stutt komin í lestrarnámi (stigskipt kennsla), einnig nýtist það vel öðrum aldurshópum sem glíma við lestrarvanda.

Verkefnið er lagt fyrir í október og aftur í mars og kennt í 6 vikur í senn, þrisvar til fjórum sinum í viku u.þ.b. 20 mínútur í senn.

K- Pals er byggt upp svipað og Pals þ.e. börnin skiptast á að vera þjálfarar og lesarar.

Aðstoð á yngsta stigi

Ein af valgreinum sem nemendum í 10.bekk stendur til boða er að hlusta á hluta nemenda í yngrideild lesa ásamt annarri aðstoð í kennslustundum. Þetta eru tvær kennslustundir á viku og stendur yfir bæði á haust og vorönn. Þetta er vinsæl valgrein sem gefur lestrarmenningu skólans skemmtilegan blæ. Þetta er fjórða árið sem þessi aðferð er notuð en stefnt er að því að festa hana í sessi sem hluta af lestrarþjálfun í yngrideild.

Lestur fyrir leikskólabörn

Hefð hefur skapast fyrir því að nemendur í 4.bekk lesi fyrir leikskólabörn í hverfinu dagana í kringum Dag íslenskrar tungu. Þarna upplifa nemendur bæði ábyrgð og gleði og töluverður tími fer í undirbúning þar sem sníða þarf lesturinn að getu hvers nemanda og finna efni sem höfðar til leikskólabarna.

Allir nemendur í 4.bekk taka þátt og hafa sitt hlutverk.

Litla upplestrarkeppnin

Nemendur í 4. bekk taka þátt í Litlu upplestrarkeppninni. Keppnin var sett formlega á Degi íslenskrar tungu árið 2016. Reiknað er með að kennarar byrji að æfa nemendur í kringum þann dag ár hvert. Haft er að leiðarljósi að nemendur keppist við að ná bættum árangri í lestri, munnlegri tjáningu og framkomu. Þannig keppa nemendur við sjálfa sig um að verða betri lesarar með degi hverjum. Lögð er áhersla á virðingu og vandvirkni þar sem allir nemendur eru virkir þátttakendur.

Lokahátíð er haldin að vori þar sem foreldrum er boðið á sal skólans. Hátíðinni er gert hátt undir höfði og flytja nemendur gjarnan tónlistaratriði ásamt því að fenginn er gestalesari úr 7.bekk sem tók þátt í Stóru upplestrarkeppninni fyrir hönd skólans. Í lokin fá allir nemendur viðurkenningarskjöl og skólinn býður uppá köku og djús.

Lestrarsprettir/lestrarátök

Í yngrideild eru að lágmarki tveir lestrarsprettir á skólaári, einn á hvorri önn.

Fyrir áramót er útfærslan alfarið í höndum umsjónarkennara og bókasafnsfræðings.

Fastar dagsetningar eru skráðar í skóladagatal.

Eftir áramót er sameiginlegur lestrarsprettur allra nemenda í 1.-10.bekk. Þá eru nemendur hvattir til að lesa eins mikið og þeir geta á tveggja vikna tímabili. Læsteymi og stjórnendur velja sameiginlegt lestrarþema sem nær yfir allar deildir.

Umsjónarkennarar halda utan um þátttöku, endugjöf, úrvinnslu o.fl. sem snýr að þeirra umsjónarhópum.

Fastar dagsetningar eru skráðar í skóladagatal.

Sumarlestur

Reynslan hefur endurtekið sýnt framá að töluverð afturför getur orðið á lesfimi nemenda í löngum fríum þar sem daglegur heimalestur er oft lagður til hliðar. Nemendur skólans eru því hvattir til sumarlesturs til að viðhalda lestrarfærni.

Bókasafn Hafnarfjarðar stendur fyrir lestrarátaki yfir sumarmánuðina. Að vori fá umsjónarkennarar sendar upplýsingar um sumarlestur safnsins sem þeir kynna fyrir nemendum og foreldrum og hvetja til þátttöku. Einnig má finna ýmis verkfæri sem nota má til hvetjandi sumarlesturs á ýmsum vefsíðum. Algeng eru t.a.m. ýmis lestrarbingó þar sem nemendur lesa við fjölbreyttar aðstæður dag hvern.

Íhlutanir í kjölfar skimana

Kennarar skulu fara eftir verkferlum úr Læsisstefnu Hafnarfjarðarbæjar “Lestur er lífsins leikur” *Að efla læsi í leik-og grunnskólum Hafnarfjarðar, endurskoðun 2018.*

Þar er að finna yfirlit þeirra skimana og prófa sem nemendur í 1.-10. bekk taka. Þar er einnig að finna upplýsingar um fyrirlögn þeirra, þátttöku, tímasetningar, framkvæmd, íhlutun, skráningu og fleira.

Þetta yfirlitsblað á að vera sýnilegt á veggjum í stofum allra árganga.

Dæmi um íhlutanir eru m.a.

- Einstaklingsnámskrár
- Einstaklingsmiðuð verkefni
- Sérkennsla
- Aukin lestraraðstoð
- Stigskipt kennsla (t.d. K-PALS og PALS)
- Hópaskiptingar

Viðauki 2

Staðlaður tölvupóstur

Öldutúnsskóli
Öldutún 9
220 Hafnarfjörður



Komið þið sæl.

Nú hefur _____ ekki uppfyllt viðmið skólans varðandi heimalestur og orðaskrif í 2 vikur.

Nemendur lesa eins oft og við verður komið hér í skólanum. Við viljum þó minna á að foreldrar gegna lykilhlutverki í lestrarþjálfun barna sinna.

Mikilvægt er að gefa sér tíma fyrir heimalestur a.m.k. 5 daga vikunnar þar sem nemendur lesa upphátt í a.m.k. 15 mínútur fyrir fullorðinn aðila sem hlustar og kvittar fyrir lesturinn.

Samhliða lestrinum þarf að skrifa orð/setningar a.m.k. þrisvar sinnum í viku.

Til að heimanámi teljist lokið þarf að uppfylla báða þætti, lesturinn og orðaskrifin.

Við hvetjum ykkur til þess að bæta úr þessu og hámarka þannig líkur á stöðugum framförum _____ í lestri.

Höfum í huga að lestur er grunnur að öllu námi.

Bestu kveðjur: _____ umsjónarkennari

Virðing

Vellíðan

Virgni

Viðauki 3

Hugmyndir að fjölbreyttum heimalestri

Hugmyndir til að miðla til heimilanna til að auka fjölbreytni í heimalestri.

Víxllestur

Víxllestur felst í því að nemendur fá tvö eintök af lestrarbók sem hæfir getu.

Nemandi og foreldri lesa upphátt úr bókunum til skiptis og sá sem hlustar fylgist með textanum í sinni bók. Svo er skipt um hlutverk. Þetta er einnig hægt að gera þótt nemandi sé með eina bók. Það er einstaklingsbundið hvernig og hversu mikið er lesið í hvert sinn, blaðsíðu og blaðsíðu, setningu og setningu allt eftir aldri og getu hvers nemanda.

Mínútulestur

Nemandi les í 1 mínútu og merkir við hve mörg orð voru lesin. Sami texti er lesinn alls 3X og er t.d. hægt að skrá fjölda lesinna orða í súlurit eða á annan sjónrænan hátt. Þetta auðveldar nemandanum að sjá framfarir sínar í lestri og hvetur hann til dáða.

Kórlestur

Þar les nemandi og annar fullorðinn aðili textann saman (í kór).

Tímataka

Nemandi les ákveðinn texta t.d. eina blaðsíðu og tími tekinn hve lengi barnið er að lesa textann. Að því loknu er sami texti lesinn 2X í viðbót og tíminn tekinn í hvort skipti. Gaman er að kanna hvort framfarir eigi sér stað í hraða.

Lestrarbingó

Gaman er að brjóta upp heimalesturinn t.d. með lestrarbingói. Þá er ákveðið fyrirfram hvar heimalesturinn á að fara fram og bingóspjald útbúið. Það getur t.d. verið undir borði, fyrir gæludýr/bangsa, í rúminu, með vasaljós, undir teppi o.s.frv. Þetta höfðar einstaklega vel til yngri barna.

Hljóðkerfisvitund er vitund um hljóðkerfi tungumáls. Það er tilfinning og næmi hvers einstaklings fyrir uppbyggingu tungumálsins, hvernig er hægt að greina talmál niður í smærri hljóðeiningar og hvernig má vinna með þessar einingar á mismunandi vegu.

Umskráning er hæfileikinn til þess að breyta bókstöfum í viðeigandi málahljóð, málahljóðin eru svo tengd saman til þess að mynda orð og þá er hægt að finna merkingu þess.

Lesfimi er færni sem byggir á þremur þáttum tungumálsins: nákvæmni, sjálfvirkni og hrynrænum þáttum en allir þessir þættir stuðla að auknum lesskilningi. Hún birtist í fyrirhafnarlausum og sjálfvirkum lestri sem lesinn er með réttu hljómfalli og viðeigandi hendingum.

Lestur og ritun eru gagnvirk ferli sem þjálfa þarf samhliða. Ritun er ferli þegar rittákn eru notuð til að skrá niður tungumálið, hugsanir og orð til að hægt sé að endurvekja þau síðar. Hvetjandi ritmálsumhverfi er mikilvægt og veitir barni tækifæri til að fylgjast með öðrum, gera tilraunir og prófa sig áfram.

Orðaforði er það safn orða sem einstaklingur hefur á valdi sínu. Góður orðaforði er grundvallarþáttur í því að skilja talað og lesið mál en hlustunarskilningur og síðar lesskilningur byggja á góðum orðaforða. Orðaforði hefur einnig áhrif á leshraða því fleiri orð sem barnið þekkir í texta því hraðar og áreynslulausar les það textann.

Tjáning er þáttur sem vegur þungt í þroska hvers barns. Það er mikilvægt að þjálfja tjáningu með fjölbreyttum aðferðum. Tjáning styrkir sjálfstæði og sjálfsmynd barna og leggur grunn að góðum og uppbyggilegum samskiptum við aðra.

Lesskilningur er afar flókið ferli sem felur í sér fjölpætta, hugræna úrvinnslu og túlkun lesandans á textanum. Lesskilningur felst í nákvæmum skilningi á því sem ritað er, lesandinn endursegir merkinguna sem ætla má að höfundurinn hafi haft í huga við gerð textans. Orðaforði er undirstaða lesskilnings og felst í því að tengja nýjar upplýsingar sem fást við lestur við það sem lesandinn veit fyrir. Fjölmargar rannsóknir sýna að sterk tengsl eru milli lesfimi og lesskilnings og með því að bæta lesfimi nemenda eflist jafnframt lesskilningur.

Miðdeild

Kynning fyrir foreldra að hausti

Foreldrar gegna mikilvægu hlutverki í lestrarnámi barna sinna. Með reglulegri kynningu og fræðslu aukast líkur á virkri þátttöku foreldra í lestrarnáminu.

Í 5.-7. bekk skal halda fund að hausti þar sem farið er yfir alla þá þætti er snúa að lestrarnámi vetrarins. Haustfundirnir eru góður vettvangur fyrir þessa kynningu.

Skólasafn

Megintilgangur skólasafnsins er að efla læsi nemenda í víðum skilningi.

Skólasafnið er upplýsingamiðstöð skólans og er ætlað fyrir nemendur og starfsmenn skólans, það styður við kennslu og veitir nemendum og starfsfólki greiðan aðgang að upplýsingum og heimildum.

Lögð er áhersla á fjölbreyttan safnkost til að örva áhuga nemenda á lestri bóka bæði til skemmtunar og fróðleiks.

Í samvinnu við starfsmenn skólans heldur skólasafnið utan um lestrarspretti skólans. Það styður líka við kennslu í upplýsingalæsi. Leitast er við að styðja við verkefnavinnu allra nemenda þegar kemur að heimildaöflun. Grundvöllur slíkrar verkefnavinnu á bókasafni er gott samstarf bókasafnsfræðings og kennara.

Safnkostur safnsins er skráður í bókasafnskerfið Gegni sem er sameiginlegt kerfi fyrir allt landið.

Yndislestur

Yndislestur er stór hluti af lestrarmenningu Öldutúnsskóla. Í miðdeild eru fastar yndislestrarstundir 3x til 5X í viku og þá oftast í upphafi skóladags. Nemendur lesa í hljóði bækur/efni sem þeir hafa sjálfir valið á skólabókasafni. Eftir lesturinn skrifa nemendur í dagbók. Í dagbók eiga nemendur að segja frá því sem þeir lásu. Þessi vinna miðast við getu hvers nemanda. Kennarar veita endurgjöf á dagbókarskrifin jafnóðum. Ávinningur yndislestrarstunda er því margþættur, eflir marga grunnþætti læsis, svo sem lesfimi, orðaforða, ritun og lesskilning.

Nestislestur

Nestislestur er fastur liður í miðdeild. Þessa stund má vissulega flokka sem yndislestur þar sem kennari og nemendur eiga saman rólega og notalega stund dag hvern. Kennari les framhaldssögu fyrir nemendahópinn og leitast við að hafa frásögnina lifandi og áhugahvetjandi. Þetta er liður í því að kveikja, auka og viðhalda áhuga nemenda á lestri og hvetja þá til þess að finna sér lesefni eftir áhuga.

Nestislestur stuðlar einnig að auknum lesskilningi þar sem reglulega er staldrað við einstök orð/orðasambönd, merking þeirra útskýrð og gefið er færi á umræðum þar sem nemendur tengja við eigin reynslu.

Í 5. bekk skal vera daglegur lestur í nestistíma.

Í 6. og 7. bekk skal vera lestur í nestistíma a.m.k. 3x í viku.

Skólalestur

Nemendur í 5. – 7. bekk lesa upphátt í skóla eins oft og við verður komið.

Umsjónarkennarar, stuðningsfulltrúar, sérkennarar og skólaliðar koma að lestrarþjálfun í skóla, hlusta á lestur nemenda og kvitta fyrir lesturinn.

Heimalestur

Nemendur í 5.-7. bekk eiga að lesa heima a.m.k. 5x sinnum í viku, 15 mínútur í senn.

Þeir nemendur sem hafa náð 200 orðum á mínútu lesa í a.m.k. 5 mínútur af þessum 15 mínútum upphátt.

Aðrir nemendur lesa upphátt í 15 mínútur.

Foreldri eða annar fullorðinn aðili hlustar og kvittar í lestrarhefti nemanda.

Umsjónarkennarar einstaklingsmiða allan lestur og geta gert sérstaka lestrarsamninga við nemendur.

Nemendur fá endurgjöf á heimalestur a.m.k. einu sinni í viku.

Verklagsreglur sé heimanámi/heimalestri ólokið

1. Skrá athugasemd á Mentor/heimalestri ólokið.

Þetta á að gera í hverri viku en eftir 3 vikur er farið í næsta skref.

2. Senda tölvupóst til foreldra/aðstandenda (3 vikur alls) (sjá staðlaðan tölvupóst í viðauka 2).

3. Hringja heim (1 vika í viðbót/4 vikur alls).

4. Boða foreldra/aðstandendur á fund með umsjónarkennara og deildarstjóra (2 vikur í viðbót/6 vikur alls).

5. Máli vísað til nemendaverndarráðs (2 vikur í viðbót/8 vikur alls).

PALS

Lestraraðferðin Pals, eða Pör Að Læra Saman, byggist á að nemendur vinna tveir og tveir saman og skiptast á að lesa texta. Annar er lesarinn og hinn þjálfarinn og svo er hlutverkunum snúið við. Lesari 1 les fyrst í 5 mínútur á meðan félagi hans, sem er í hlutverki þjálfarans, fylgist með að rétt sé lesið. Ef lesandi les rangt biður þjálfarinn hann um að stoppa, leiðrétta sig og lesa setninguna eða málsgreinina aftur. Þjálfarinn aðstoðar við að lesa rétt ef með þarf. Þegar lesari 1 hefur lesið í 5 mínútur skipta félagarnir um hlutverk. Eftir að báðir nemendur hafa lesið sama texta í 5 mínútur hvor æfa þeir sig í að beita lesskilningsaðferðum með markvissum hætti, þ.e. að veita aðalatriðum athygli, draga þau saman og spá fyrir

um það sem kemur næst í sögunni.

Markmið aðferðarinnar er að þjálfa nemendur sérstaklega í lesskilningi og lestrarfærni. Undanfarin sex ár höfum við notað Pals aðferðina markvisst og er hún orðin fastur liður í skólastarfinu. Eitt 6 vikna PALS tímabil er á skólaárinu. Allir nemendur í 2.-7. bekk taka þátt í Pals lestrarþjálfun.

Fastar dagsetningar eru skráðar í skóladagatal.

Stóra upplestrarkeppnin

Nemendur í 7. bekk taka þátt í Stóru upplestrarkeppninni. Keppnin er haldin um land allt.

Keppnin hefst ár hvert á Degi íslenskrar tungu, og lýkur í mars með því að valdir eru þrjú bestu upplestrarar í hverju byggðarlagi, eða í umdæmi hvers skólaskrifstofu.

Keppnin skiptist í tvo hluta, ræktunarhluta og keppnishluta.

Ræktunarhlutinn er sá hluti upplestrarkeppninnar sem mestu máli skiptir. Hann miðast við tímabilið frá Degi íslenskrar tungu fram í lok febrúar. Á þessu tímabili er lögð sérstök rækt við vandaðan upplestur og framburð í hverjum bekk. Lögð hefur verið áhersla á að íslensku máli væri jafnan nokkur sómi sýndur við upphaf keppninnar í 7. bekk, og þá gjarnan fengnir verðlaunahafar frá fyrra ári til að lesa upp. Þær vikur í skólunum, sem helgaðar eru vönduðum upplestri, eru alfarið í höndum kennara.

Hátíðarhlutinn er það sem kalla mætti hina eiginlegu „keppni“. Hann er í tvennu lagi. Annars vegar er upplestrarhátíð í hverjum skóla í lok febrúar þar sem tveir til þrjú nemendur eru valdir til áframhaldandi þátttöku í keppninni fyrir hönd skólans.

Hins vegar er lokahátíð í héraði, sem haldin er í góðum samkomusal í byggðarlaginu í mars. Þar koma saman fulltrúar skólanna í héraðinu, einn, tveir eða þrír úr hverjum skóla, og lesa ljóð og laust mál sem þeir hafa undirbúið vandlega.

Markmið upplestrarkeppni í 7. bekk grunnskóla er að vekja athygli og áhuga í skólum á vönduðum upplestri og framburði. Rétt er að taka fram að keppnin sjálf er í rauninni aukaatriði og forðast skyldi að einblína á sigur.

Mestu skiptir að kennarar nýti þetta tækifæri til að leggja markvissa rækt við einn þátt móðurmálsins með nemendum sínum, vandaðan upplestur og framburð, og fái alla nemendur til að lesa upp, sjálfum sér og öðrum til ánægju.

Stefnt skyldi að því að allur upplestur í tengslum við keppnina sé fremur í ætt við hátíð en keppni. Þetta á ekki síst við um lokahátíð keppinnar.

Kjörorð verkefnisins eru þrjú:

- Vöndum flutning og framburð íslensks máls.
- Lærum að njóta þess að flytja móðurmál okkar, sjálfum okkur og öðrum til ánægju.
- Berum virðingu fyrir móðurmálinu, sjálfum okkur og öðrum.

Þess er vænst að þessi kjörorð megi stuðla að því að efla veg hins talaða máls í skólum og skapa þann skólabrag eða skólamenningu sem við getum öll verið stolt af.

Sumarlestur

Reynslan hefur endurtekið sýnt framá að töluverð afturför getur orðið á lesfimi nemenda í löngum fríum þar sem daglegur heimalestur er oft lagður til hliðar. Nemendur skólans eru því hvattir til sumarlesturs til að viðhalda lestrarfærni. Bókasafn Hafnarfjarðar stendur fyrir lestrarátaki yfir sumarmánuðina. Að vori fá umsjónarkennarar sendar upplýsingar um sumarlestur safnsins sem þeir kynna fyrir nemendum og foreldrum og hvetja til þátttöku. Einnig má finna ýmis verkfæri sem nota má til hvetjandi sumarlesturs á ýmsum vefsíðum. Algeng eru t.a.m. ýmis lestrarbingó þar sem nemendur lesa við fjölbreyttar aðstæður dag hvern.

Lestrarsprettir

Í miðdeild eru að lágmarki tveir lestrarsprettir á skólaári, einn á hvorri önn.

Fyrir áramót er útfærslan alfarið í höndum umsjónarkennara/íslenskukennara og bókasafnsfræðings.

Fastar dagsetningar eru skráðar í skóladagatal.

Eftir áramót er sameiginlegur lestrarsprettur allra nemenda í 1.-10.bekk. Þá eru nemendur hvattir til að lesa eins mikið og þeir geta á tveggja vikna tímabili. Læsissteymi og stjórnendur velja sameiginlegt lestrarþema sem nær yfir allar deildir. Umsjónarkennarar/íslenskukennarar halda utan um þátttöku, endugjöf, úrvinnslu o.fl. sem snýr að þeirra umsjónarhópi/faghópi.

Fastar dagsetningar eru skráðar í skóladagatal.

Íhlutanir í kjölfar skimana

Kennarar skulu fara eftir verkferlum úr Læsisstefnu Hafnarfjarðarbæjar “Lestur er lífsins leikur” *Að efla læsi í leik-og grunnskólum Hafnarfjarðar, endurskoðun 2018.*

Þar er að finna yfirlit þeirra skimana og prófa sem nemendur í 1.-10.bekk taka. Þar er einnig að finna upplýsingar um fyrirlögn þeirra, þátttöku, tímasetningar, framkvæmd, íhlutun, skráningu og fleira.

Þetta yfirlitsblað á að vera sýnilegt á veggjum í stofum allra árganga.

Dæmi um íhlutanir eru m.a.

- Einstaklingsnámskrár
- Einstaklingsmiðuð verkefni
- Sérkennsla
- Aukin lestraraðstoð
- Stigskipt kennsla (K-PALS og PALS)
- Hópaskiptingar

Viðauki 2 – Staðlaður tölvupóstur

Öldutúnsskóli
Öldutún 9
220 Hafnarfjörður



Komið þið sæl.

Nú hefur _____ ekki uppfyllt viðmið skólans varðandi heimalestur í 3 vikur.

Nemendur lesa eins oft og við verður komið hér í skólanum. Við viljum þó minna á að foreldrar gegna lykilhlutverki í lestrarþjálfun barna sinna.

Mikilvægt er að gefa sér tíma fyrir heimalestur a.m.k. 5 daga vikunnar þar sem nemendur lesa upphátt í a.m.k. 15 mínútur fyrir fullorðinn aðila sem hlustar og kvittar fyrir lesturinn.

Sé heimalestri ólokið er það skráð á Mentor í 3 vikur og eftir það tekur við visst ferli.

Við hvetjum ykkur til þess að bæta úr þessu og hámarka þannig líkur á stöðugum framförum _____ í lestri.

Höfum í huga að lestur er grunnur að öllu námi.

Bestu kveðjur: _____ umsjónarkennari.

Virðing

Vellíðan

Virkni

Unglingadeild

Kynning fyrir foreldra að hausti

Í 8.-10. bekk skal halda fund að hausti þar sem farið er yfir alla þá þætti er snúa að lestrarnámi vetrarins. Haustfundirnir eru góður vettvangur fyrir þessa kynningu.

Skólasafn

Megin tilgangur skólasafnsins er að efla læsi nemenda í víðum skilningi.

Skólasafnið er upplýsingamiðstöð skólans og er ætlað fyrir nemendur og starfsmenn skólans, það styður við kennslu og veitir nemendum og starfsfólki greiðan aðgang að upplýsingum og heimildum.

Lögð er áhersla á fjölbreyttan safnkost til að örva áhuga nemenda á lestri bóka bæði til skemmtunar og fróðleiks.

Í samvinnu við starfsmenn skólans heldur skólasafnið utan um lestrarspretti skólans. Það styður líka við kennslu í upplýsingalæsi. Leitast er við að styðja við verkefnavinnu allra nemenda þegar kemur að heimildaöflun. Grundvöllur slíkrar verkefnavinnu á bókasafni er gott samstarf bókasafnsfræðings og kennara.

Safnkostur safnsins er skráður í bókasafnskerfið Gegni sem er sameiginlegt kerfi fyrir allt landið.

Yndislestur

Yndislestur er stór hluti af lestrarmenningu Öldutúnsskóla. Í unglingsdeild er yndislestur hluti af íslenskukennslu og er tíðni og útfærsla í höndum íslenslukennara.

Heimalestur

Nemendur í unglिंगadeild eiga að lesa heima 4x í viku 15 mínútur í senn.

Foreldrar/aðstandendur kvitta fyrir lesturinn í þar til gerð lestrarhefti.

Nemendur mega lesa í hljóði.

Verklagsreglur sé heimalestri ólokið

1. Skrá athugasemd á Mentor/heimalestri ólokið.

Þetta á að gera í hverri viku en eftir 3 vikur er farið í næsta skref.

2. Senda tölvupóst til foreldra/aðstandenda (3 vikur alls). (Sjá staðlaðan tölvupóst í viðauka 2).

3. Hringja heim (1 vika í viðbót/4 vikur alls).

4. Boða foreldra/aðstandendur á fund með umsjónarkennara og deildarstjóra (2 vikur í viðbót/6 vikur alls).

5. Máli vísað til nemendaverndarráðs (2 vikur í viðbót/8 vikur alls).

Skref 1 og 2 er á ábyrgð íslenskukennara.

Skref 3 er á ábyrgð umsjónarkennara.

Skref 4 er á ábyrgð umsjónarkennara og deildarstjóra.

Skref 5 er á ábyrgð umsjónarkennara og deildarstjóra.

Lestrarsprettir

Í unglingsdeild eru að lágmarki tveir lestrarsprettir á skólaári, einn á hvorri önn. Fyrir áramót er útfærslan alfarið í höndum íslenskukennara og bókasafnsfræðings. Fastar dagsetningar eru skráðar í skóladagatal.

Eftir áramót er sameiginlegur lestrarsprettur allra nemenda í 1.-10.bekk. Þá eru nemendur hvattir til að lesa eins mikið og þeir geta á tveggja vikna tímabili. Læsteymi og stjórnendur velja sameiginlegt lestrarþema sem nær yfir allar deildir. Íslenskukennarar halda utan um þátttöku, endurgjöf, úrvinnslu o.fl. sem snýr að þeirra nemendahópi.

Fastar dagsetningar eru skráðar í skóladagatal.

Aðstoð á yngsta stigi

Ein af valgreinum sem nemendum í 10.bekk stendur til boða er að hlusta á hluta nemendur í yngrideild lesa ásamt annarri aðstoð í kennslustundum. Þetta eru tvær kennslustundir á viku og stendur yfir bæði á haust og vorönn. Þetta er vinsæl valgrein sem gefur lestrarmenningu skólans skemmtilegan blæ. Þetta er fjórða árið sem þessi aðferð er notuð en stefnt er að því að festa hana í sessi sem hluta af lestrarþjálfun í yngrideild.

Hraðlestrarnámskeið

Í unglingsáæild eru haldin Hraðlestrarnámskeið 1X -2X á skólaárinu.

Nemendur lesa upphátt í kór 3X í viku fyrir íslenskukennara. Nemendur lesa sama texta í eina mínútu í senn í alls þrjú skipti. Kennari tekur tímann.

Eftir hvern upplestur merkja nemendur við síðasta orðið sem þeir lásu með lit og sjá þannig framfarir eftir hvert skipti.

Umferð 1: merkja með **gulum** lit

Umferð 2: merkja með **rauðum** lit

Umferð 3: merkja með **grænum** lit

Framkvæmd og útfærsla hraðlestrarnámskeiða eru á ábyrgð íslenskukennara, en til þess að þau skili árangri þarf að keyra þau a.m.k. 3X í viku á tímabilinu.

Íhlutanir í kjölfar skimana

Kennarar skulu fara eftir verkferlum úr Læsisstefnu Hafnarfjarðarbæjar “Lestur er lífsins leikur” *Að efla læsi í leik-og grunnskólum Hafnarfjarðar, endurskoðun 2018.*

Þar er að finna yfirlit þeirra skimana og prófa sem nemendur í 1.-10.bekk taka. Þar er einnig að finna upplýsingar um fyrirlögn þeirra, þátttöku, tímasetningar, framkvæmd, íhlutun, skráningu og fleira.

Þetta yfirlitsblað á að vera sýnilegt á veggjum í stofum allra árganga.

Dæmi um íhlutanir eru m.a.

- Einstaklingsnámskrár
- Einstaklingsmiðuð verkefni
- Sérkennsla/Námsver
- Hraðlestrarnámskeið
- Stigskipt kennsla
- Hópaskiptingar

Viðauki 2

Staðlaður tölvupóstur

Öldutúnsskóli
Öldutún 9
220 Hafnarfjörður



Komið þið sæl.

Nú hefur _____ ekki uppfyllt viðmið skólans varðandi heimalestur í

3 vikur.

Nemendur lesa eins oft og við verður komið hér í skólanum. Við viljum þó minna á að foreldrar gegna lykilhlutverki í lestrarþjálfun barna sinna.

Mikilvægt er að gefa sér tíma fyrir heimalestur a.m.k. 5 daga vikunnar þar sem nemendur lesa í hljóði í a.m.k. 15 mínútur. Fullorðinn aðili kvittar fyrir lesturinn.

Sé heimalestri ólokið er það skráð á Mentor í 3 vikur og eftir það tekur við visst ferli.

Við hvetjum ykkur til þess að bæta úr þessu og hámarka þannig líkur á stöðugum framförum _____ í lestri.

Höfum í huga að lestur er grunnur að öllu námi.

Bestu kveðjur: _____

Virðing

Vellíðan

Virgni

